

REGLUR

um hljóðritasjóð

1. gr.

Hlutverk

Hlutverk hljóðritasjóðs er að efla íslenska hljóðritagerð í tónlist með fjárhagslegum stuðningi við útgáfu hljóðrita. Íslensk hljóðrit eru hljóðrit sem unnin eru og kostuð af íslenskum aðilum eða er samstarfsverkefni íslenskra og erlendra aðila.

2. gr.

Stjórn

Ráðherra skipar stjórn hljóðritasjóðs til þriggja ára í senn. SAMTÓNN tilnefnir tvo fulltrúa sem skulu hafa þekkingu og reynslu á sviði tónlistarútgáfu eða tónlistarlífs og ráðherra skipar einn án tilnefningar sem skal vera formaður sjóðsstjórnar. Varaformaður er skipaður úr hópi stjórnarmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Við tilnefningu skal leitast við að tryggja sem jafnastan hlut karla og kvenna og þess skal gætt að sami aðili verði ekki tilnefndur aðalmaður oftari en tvö starfstímabil í röð.

Hlutverk stjórnar sjóðsins er að fjalla um umsóknir sem sjóðnum berast. Ráðherra úthlutar styrkjum úr hljóðritasjóði að fenginni tillögu stjórnar sjóðsins.

3. gr.

Styrkir

Hljóðritasjóður veitir styrki til hljóðritunar nýrrar, frumsamdrar tónlistar sem stuðla á að nýsköpun. Veittir eru styrkir í almenn verkefni og þróunarverkefni.

Styrkir úr hljóðritasjóði skulu veittir til ákveðinna verkefna og ekki lengur en til eins árs í senn.

Sjóðurinn veitir ekki styrki til rekstrar og umsýslu samtaka, fyrirtækja og stofnana sem hljóta regluleg rekstrarframlög né til kynningarverkefna og annarra verkefna eða viðburða sem þegar hafa átt sér stað. Sjóðurinn veitir jafnframt ekki styrki til endurútgáfu, varðveislu, útgáfu safnplötu, tónleikaupptöku með áður útgefnu efni, framleiðslu hljóðrita og hönnunar umslaga né til greiðslu ferðakostnaðar, verklauna eða tækjakaupa.

Heimilt er að ákveða áherslur við hverja úthlutun enda sé þess getið í auglýsingu.

4. gr.

Auglýsingar og umsóknir

Auglýst skal að hámarki fjórum sinnum á ári eftir umsóknum um styrki úr hljóðritasjóði í dagblöðum eða með öðrum hætti sem tryggir jafnræði þeirra sem eiga rétt á að sækja um í sjóðinn. Í auglýsingu skal koma fram um hlutverk sjóðsins og áherslur sem lagðar eru til grundvallar við mat á umsóknum. Þá skal koma fram hvar nálgast megi eyðublöð fyrir umsóknir. Umsóknum skal skilað á þar til gerðum eyðublöðum. Umsóknarfrestur skal eigi vera skemmri en fjórar vikur.

Umsóknnum skulu fylgja eftirtalin gögn og upplýsingar eftir því sem við á:

- a. upplýsingar um umsækjanda eða umsækjendur, aðra þátttakendur og samstarfsaðila, ef einhverjir eru, og nafn þess sem annast samskipti við sjóðinn,
- b. upplýsingar um starfsferil, faglegan og listrænan bakgrunn aðila verkefnisins,
- c. lýsing á verkefninu, markmiðum þess og þýðingu fyrir umsækjanda með tilliti til hlutverks sjóðsins,
- d. verk- og tímaáætlun,
- e. fjárhagsáætlun þar sem fram koma m.a. upplýsingar um áætlaðan kostnað, tekjur, hlutdeild umsækjanda og annarra í kostnaði við verkefnið og styrkfé sem verkefnið hefur hlotið eða hefur sótt um,
- f. staðfest gögn frá samstarfsaðilum og önnur gögn sem umsækjendur kjósa að leggja fram til að styðja við umsóknir sínar.

5. gr.

Mat á umsóknnum

Stjórn hljóðritasjóðs leggur mat á umsóknir með hliðsjón af hlutverki sjóðsins og auglýstum áherslum Mat á umsóknnum skal einkum byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- a. gildi og inntaki verkefnis í því skyni að efla fjölbreytni íslenskrar tónlistar,
- b. umsækjandi hafi lagt fram raunhæfa verk- og fjárhagsáætlun fyrir verkefnið,
- c. starfsferli, faglegum og/eða listrænum bakgrunni umsækjanda og annarra þátttakenda,
- d. fjárhagsgrundvelli verkefnisins og/eða hvort umsækjandi hafi hlotið aðra styrki.

Hafi umsækjandi áður fengið styrk úr hljóðritasjóði þarf að liggja fyrir greinargerð hans um framkvæmd fyrra verkefnis og ráðstöfun styrkfjárins til að ný umsókn af hans hálfu komi til greina. Sé verk í vinnslu skal umsækjandi skila inn milliuppgjöri og skýrslu um stöðu verksins áður en tillaga er gerð um úthlutun annars styrks til umsækjanda.

Við úthlutun styrkja skal gæta jafnræðis, hlutlægni, gagnsæis og samkeppnissjónarmiða.

6. gr.

Greiðslur og eftirlit með styrkveitingum

Umsækjendum skal tilkynnt skriflega um afgreiðslu umsókna þeirra og skilmála styrkveitinga.

Styrkur kemur ekki til greiðslu nema að uppfylltum settum skilyrðum sjóðsins. Í því skyni er heimilt að krefja styrkþega um skýrslur um framvindu verkefnisins sem styrkt er í samræmi við úthlutunarskilmála. Lokagreiðsla styrkfjár kemur ekki til úthlutunar fyrr en greinargerð um verkefnið hefur borist.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti annast greiðslu styrkja.

Birta skal yfirlit yfir úthlutun styrkja á vefsíðu mennta- og menningarmálaráðuneytis. Þar skal einnig birta reglur sjóðsins, auglýsingar og eyðublöð.

Ráðuneytinu er heimilt að gera samning við til þess bærán aðila um umsýslu hljóðritasjóðs. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum um opinber fjármál og er eftirliti með honum hagað í samræmi við ákvæði 42. gr. þeirra laga. Um hljóðritasjóð gilda einnig ákvæði stjórnarsýslulaga, upplýsingalaga, laga um opinber skjalasöfn og annarra laga sem varða opinbera stjórnarsýslu.

7. gr.
Niðurfelling styrks

Verði brestur á að ráðist sé í verkefni, tefjist framkvæmd þess úr hófi eða séu önnur skilyrði sem styrkveiting er bundin ekki uppfyllt innan eðlilegra tímamarka er heimilt að fresta greiðslu þar til úr hefur verið bætt eða fella styrkveitingu niður.

Ef sýnt þykir að styrkfé hafi ekki verið eða verði ekki nýtt í þeim tilgangi sem ætlað var, er heimilt að krefjast endurgreiðslu styrksins í heild eða að hluta.

8. gr.
Greinargerð

Greinargerð vegna ráðstöfunar styrks skal skilað innan sex mánaða frá þeim tíma að verki telst lokið samkvæmt skilmálum. Heimilt er að krefja styrkþega um uppgjör staðfest af löggiltum endurskoðanda.

Í greinargerð skal upplýst um framkvæmd verkefnis og endanlegan kostnað.

9. gr.
Gildistaka

Reglur þessar eru settar með hliðsjón af 42. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 og öðlast þegar gildi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 1. apríl 2016.



Illugi Gunnarsson.



Ásta Magnúsdóttir.